

Umhverfisráðuneytið  
Ingimar Sigurðsson  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. ágúst 2005  
2005070018/42-4  
KHS/JGO

## Veðiþol rjúpnastofnsins

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 20. júlí sl. þar sem fram kemur að umhverfisráðherra hafi ákveðið að heimila veiðar á rjúpu haustið 2005. Óskað er eftir tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndun og veiðiþol rjúpnastofnsins í ljósi áðurnefndrar ákvörðunar og að tillögur þar að lútandi verði sendar ráðuneytinu fyrir 1. ágúst.

Með tölvubréfum 28. júlí sl. óskaði stofnunin eftir fresti til að skila tillögum í ljósi þess að nær allir lykilmenn hennar, sem og þeir starfsmenn Reiknifræðistofnun Háskólans sem unnið hafa með sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar, voru fjarverandi um þetta leyti. Einnig var á það bent að nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að meta veiðiþol rjúpnastofnsins eru mælingar á viðkomu stofnsins sem og mælingar á lífslíkum fugla milli ára en þær byggjast á því að meta aldurshlutföll í varpstofni. Þessar mælingar standa nú yfir og munu niðurstöður liggja fyrir um 20. ágúst.

Ráðuneytið féllst með tölvubréfi 28. júlí á að veita umbeðinn frest enda skyldi tillögum skilað að morgni 8. ágúst. Með tölvubréfi dags 2. ágúst var ráðuneytinu skýrt frá því að ekki væri unnt að framkvæma nauðsynlega útreikninga með aðstoð sérfræðinga Reiknifræðistofnunar Háskólans fyrir en mánudaginn 8. ágúst og því yrði ekki hægt að senda ráðuneytinu tillögurnar fyrir en í fyrsta lagi að kvöldi þess dags. Með tölvubréfi dags 4. ágúst féllst ráðuneytið á þá tilhögun.

*Tekið skal skýrt fram að mat á veiðiþoli rjúpnastofnsins sem hér er sett fram er byggt á tilteknum forsendum sem kunna að breytast í kjölfar stofnvistfræðilegra mælinga sem lýkur um miðjan ágúst. Náttúrufræðistofnun áskilur sér því rétt til að endurskoða þetta mat þegar niðurstöður liggja fyrir. Við útreikninga á veiðiþoli nú er því gengið út frá því að viðkoma rjúpunnar sé svipuð og hún hefur verið á undanförunum árum og að aldurshlutföll á veiðitíma séu svipuð og í uppsveifluárum þ.e. um 80% ungfugla. Viðkoma rjúpunnar hefur brugðist um það bil einu sinni á hverjum áratug og aldurshlutföll síðsumars mælast um 70% í slíkum árum. Ef mælingar nú í ágúst gefa slíka óvænta niðurstöðu hefur það óhjákvæmilega áhrif á reiknað veiðiþol stofnsins. Þá er ekki síður mikilvægt að meta náttúruleg afföll milli árána 2004 og 2005 en þeir útreikningar byggja m.a. á aldursgreiningum fugla úr varpstofni vorið 2005. Þær tölur munu heldur ekki liggja endanlega fyrir fyrir en um 20. ágúst. Þegar fyrrgreindar niðurstöður fást verða útreikningar á veiðiþoli endurteknir með uppfærðum og nýjum gögnum fyrir aldurshlutföll í varpstofni 2005 og afkomu 2005.*

## Ástand rjúpnastofnsins vorið 2005

Náttúrufræðistofnun hefur gert grein fyrir ástandi rjúpnastofnsins vorið 2005, sbr. bréf til

ráðuneytisins dags. 7. júní sl. Þar kemur fram að stofninn óx um tæplega 80% milli árána 2004 og 2005. Þessi mikli hlutfallslegi vöxtur rjúpnastofnsins sem hófst árið 2003 á sér ekki hliðstæðu á síðari árum en hann hófst í kjölfar tímabundinna friðunaraðgerða fyrir tæpum tveimur árum. Þá var vonast til að í uppsveiflu gæti stofninn vaxið 50–60% á milli ára í stað 20–30% eins og reyndin hefur verið undanfarna áratugi. Þessi hraði vöxtur, sem skýrist af mun minni dauðsföllum fullorðinna fugla á þessu tveggja ára tímabili en áratuginu þar á undan, bendir sterklega til að með markvissum aðgerðum sé hægt að snúa við langvarandi hnignun rjúpnastofnsins. Tímaraðalíkan af rjúpnastofninum á Norðausturlandi sýnir að á tímabilinu 1981–2003 var stöðug fækkun í stofninum sem nam um 4% á ári að jafnaði.

### **Verndun og veiðipól rjúpnastofnsins**

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að rjúpnaveiðar í framtíðinni dragi ekki úr möguleikum rjúpnastofnsins til að sveiflast með líkum hætti og hann gerði lengst af á síðustu öld. Eigi slíkt að ganga eftir þarf veiðiálag á stofninn í heild að vera mun minna en á undanföllum áratugum og í takt við ástand hans og veiðipól hverju sinni.

Mat Náttúrufræðistofnunar á veiðipóli stofnsins gengur út frá fyrrgreindum markmiðum sem eru í samræmi við stefnu stjórnvalda um að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar. Til að ná þeim er gengið út frá eftirfarandi forsendum:

A. Að afföll rjúpnastofnsins verði innan þeirra marka að stofninn nái að sveiflast á milli hámarks- og lágmarksára í líkingu við það sem tíðkaðist um og fyrir miðja síðustu öld. Ef það gengur eftir má gera ráð fyrir fyrir stórum toppi kringum 2008. Miðað við fyrirliggjandi stofnlíkan (sjá Kjartan G. Magnússon, Jenný Brynjarsdóttir and Ólafur K. Nielsen, Population cycles in rock ptarmigan *Lagopus muta*: modelling and parameter estimation, Raunvísindastofnun Háskólans, 2005) þarf dánarstuðull fullorðinna fugla (Z2) að vera að hámarki um 0,6 til að ná þessu markmiði. Því er lagt til að veiðar úr stofninum miðist við að unnt sé að halda dánarstuðlinum við gildið 0,6.

B. Miðað er við að náttúruleg dánartala fullorðinna fugla sé meðaltal þeirra tveggja gilda sem liggja fyrir frá árunum 2003–2004 og 2004–2005. Til að gæta fullrar varúðar er gengið út frá því að veiðiafföll bætist að fullu við náttúruleg afföll.

C. Miðað er við reiknaða stærð varpstofns vorið 2005 (sbr. viðauka í fyrrnefndri skýrslu um stofnmódelið). Einnig að náttúruleg afföll séu hlutfallslega þau sömu hvern dag frá 1. maí og að aflinn sé tekinn á einu augabragði 1. nóvember. Enn fremur að aldurshlutföll á þeim tíma séu þau sömu og í uppsveifluárum, þ.e. um 80% ungfuglar, og að veiðanleiki fuglanna sé óháður aldri þeirra.

Að ósk Náttúrufræðistofnunar gerði Reiknifræðistofnun Háskólans (sjá meðfylgjandi minnisblað Jennýjar Brynjarsdóttur) grein fyrir því hve mikla veiði rjúpnastofninn þolir út frá þeim forsendum sem raktar hafa verið hér að framan. Niðurstaða þessara útreikninga er að til að ná fram settum markmiðum varðandi vernd og viðgang rjúpnastofnsins sé ekki æskilegt að veiða meira en 40 þúsund rjúpur haustið 2005.

### **Niðurstöður**

Náttúrufræðistofnun leggur til að stefnt verði að því rjúpnaveiði haustið 2005 verði ekki meiri en 40 þúsund fuglar.

Ákveði ráðherra að setja á bann við sölu rjúpna og rjúpnaafurða mun það, að mati Náttúrufræðistofnunar, ekki hafa full tilætluð áhrif fyrir en að nokkrum árum liðnum.

Stofnunin leggur engu að síður eindregið til að ótímabundið sölubann verði sett á strax í haust

og þar með marki stjórnvöld skýra stefnu um að rjúpnaveiðar séu frístundasport en ekki atvinnumennska.

Það er mat stofnunarinnar að draga þurfi verulega úr veiðisókn miðað við það sem tíðkaðst hefur. Bent skal á að haustið 1998 veiddust um 150 þúsund fuglar úr stofni sem var líklega álíka stór og stofninn er nú skv. útreikningum. Einnig hefur komið fram að miðað við endurheimtur merktra fugla, þá veiðist meginþorri aflans (60–70%) að jafnaði á fyrstu 3–4 vikum veiðitímans. Því má gera ráð fyrir að 40 þúsund fuglar geti náðst á örfáum vikum verði sóknargeta ekki takmörkuð verulega með öðrum hætti.

Náttúrufræðistofnun leggur til að engar veiðar verði leyfðar um nokkurra ára skeið á Suðvesturlandi líkt og verið hefur undanfarin ár. Einnig er lagt til að rjúpur verði friðaðar um nokkurra ára skeið á jafnstóru eða stærra svæði á Norðausturlandi. Tilgangur slíkrar friðunar er tvíþættur. Annars vegar að skapa möguleika til að bera stofnsveiflur rjúpna á stórum friðuðum svæðum saman við stofnsveiflur rjúpna á veiddum svæðum. Hins vegar að mæla nákvæmlega breytingar í lífslíkum rjúpna. Síðarnefndi þátturinn hefur hingað til einungis verið metinn á Norðausturlandi og byggir á vortalningum og á aldurshlutföllum í stofninum að vori og síðsumars.

Náttúrufræðistofnun telur að einnig ætti að huga að smærri gríðasvæðum í öðrum landshlutum, sbr. fyrri tillögur stofnunarinnar þar að lútandi.

Í bréfi ráðuneytisins, dags. 20. júlí sl., er mælt til að stofnunin hafi samráð við Umhverfisstofnun um verndunartillögur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 64/1994. Þetta samráð hefur ekki farið fram ennþá, enda hefur verið beðið eftir niðurstöðu um veiðipolið. Nú þegar það liggur fyrir (með fyrirvara til 20. ágúst nk.) er stofnunin til reiðu búin að vinna með Umhverfisstofnun við að skipuleggja og gera tillögur um aðgerðir sem miði að því að halda rjúpnaveiði við 40 þúsund fugla næsta haust.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri